

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/2001

Hönnun hf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 15. janúar 2001, hefur Guðjón Ólafur Jónsson hdl., fyrir hönd Hönnunar hf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/2000](#), dags. 15. desember 2000. Áfrýjunarnefndin taldi vafa leika á því hvort kæra áfrýjanda hefði borist nefndinni innan kærufrests samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga og var það atriði því tekið til flutnings og úrskurðar sérstaklega.

Málið var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála um þennan þátt málsins þann 19. febrúar 2001. Áfrýjandi krefst þess að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar. Samkeppnisráð gerði fyrir áfrýjunarnefndinni ekki sérstaka kröfu varðandi frávísun.

II.

Málavextir eru þeir að með erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 30. nóvember 1999 óskaði áfrýjandi eftir því að lagt yrði bann við notkun Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com í atvinnurekstri sínum og að lagt yrði bann við ritun firmans Sígild hönnun með þeim hætti að rita hönnun sem sérnafn, þ.e. með stórum upphafstaf: Sígild Hönnun.

Um málsmeðferð samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar vísast til hinnar kærðu ákvörðunar.

Á fundi samkeppnisráðs þann 15. desember 2000 var erindi áfrýjanda tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 37/2000, þar sem kröfum áfrýjanda var hafnað. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Ekki er ástæða til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“

Ákvörðun samkeppnisráðs var boðsend til lögmanns áfrýjanda þann 18. desember 2000. Starfsmaður lögmannsstofu hans tók við

ákvörðuninni og kvittaði fyrir móttöku sama dag kl. 11.55. Kæra áfrýjanda, dagsett 15. janúar 2001, undirrituð af lögmanninum, barst í pósthólf nefndarinnar 16. sama mánaðar.

III.

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að við mat á því hvert sé upphaf og lok kærufrestar í 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 verði að líta til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en í þessu máli reyni fyrst og fremst á 8. og 27. gr. hinna síðarnefndu laga. Samkvæmt 8. gr. stjórnarsýslulaga teljist sá dagur sem frestur er talinn frá ekki með í frestinum. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga teljist kæra komin fram nógu snemma ef bréf sem hana hefur að geyma er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Telur áfrýjandi að frestur í máli þessu hafi byrjað að líða 19. desember, sbr. 1. mgr. 8. gr. stjórnarsýslulaga. Ákvörðunin hafi verið kærð með bréfi, dags. 15. janúar 2000, sem póstlagt var sama dag og leggja verði til grundvallar að það sé dagurinn sem miða beri við að kærán hafi komi fram, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga. Þegar þetta sé virt megi ljóst vera að kæra áfrýjanda hafi borist innan þess fjögurra vikna frests sem áskilinn er í 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga, eins og skýra verði hana í ljósi stjórnarsýslulaga.

IV.

Niðurstöður.

Fyrir liggur skrifleg staðfesting skrifstofu lögmanns áfrýjanda um móttöku boðsendrar ákvörðunar samkeppnisráðs í máli þessu kl. 11.55 18. desember 2000. Ekki er ágreiningur um það í máli þessu, að ákvörðunin hafi verið réttilega birt.

Í 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er tekið fram, að skrifleg kæra á þess háttar ákvörðun skuli hafa borist áfrýjunarnefnd samkeppnismála “innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.” Gefur ákvæðið, sem hefur að þessu leyti sjálfstætt gildi gagnvart stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, ekki heimild til neinna frávika frá þeirri reglu. Rétt er að líta svo á, að kæra hafi þá fyrst “borist” nefndinni þegar hún er komin á þann stað þar sem nefndin getur vitjað hennar með eðlilegum hætti. Skrifleg erindi til nefndarinnar berast í pósthólf hennar eins og var í þessu tilviki og þangað sendi lögmaður áfrýjanda kærana

réttilega. Kæra þarf að vera komin í pósthólf nefndarinnar innan hins lögboðna fjögurra vikna kærufrests.

Um viðmiðun upphafs kærufrests á þessu sviði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samkeppnislögum, skal hér fylgt fyrirmælum 1. mgr. 8. gr. stjórnslulaga, en samkvæmt því hófst kærufrestur í máli þessu næsta dag eftir fyrnefnda móttöku ákvörðunar samkeppnisráðs, og er upphafstími frestsins því 19. desember 2000. Kærufresti lauk 4 vikum eða 28 dögum síðar, þ.e. 15. janúar 2001.

Fyrir liggur í málinu, að kærubréfið var póstlagt í Kópavogi 15. janúar og er ljóst að það barst ekki í pósthólf nefndarinnar í Reykjavík fyrr en degi síðar, þ.e. 16. janúar 2001, og verður við það miðað hér. Var þá liðinn lögmæltur kærufrestur vegna ákvarðana samkeppnisráðs. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefndinni.

Úrskurðarorð.

Framangreindri kæru er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 22. febrúar 2001.

Páll Sigurðsson

Erla S. Árnadóttir

Kirstín Flygenring